



Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

Ólafur Rúnar Ólafsson
Lögmannsstofa Norðurlands
Strandgata 19b
600 Akureyri

Mál nr. 12/2021

Reykjavík, 2. júlí 2021

Efni: Afgreiðsla á beiðni um endurupptöku kærumáls nr. 12/2021.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kvað upp úrskurð 28. maí 2021 í kærumáli nr. 12/2021. Í tilgreindu máli var kærð ákvörðun bæjarstjórnar Fjallabyggðar frá 15. janúar 2021 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Saurbæjaráss. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var sú að hafna kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunarinnar.

Með bréfi, dags. 4. júní 2021, óskuðu eigendur Skógarstígs 4, Fjallabyggð, eftir endurupptöku framangreinds úrskurðar. Í bréfinu kemur fram að gerð sé sú krafa að nefndarmenn þeir sem hafi kveðið upp úrskurð í máli nr. 12/2021 víki sæki í málinu vegna vanhæfis. Kærendum hafi ekki verið kynnt öll gögn eða gefinn andmælaréttur, þar sem þeir hafi ekki fengið sendar athugasemdir leyfishafa í hendur eða greinargerð Fjallabyggðar vegna kröfu um stöðvun framkvæmda sem hafi verið hafnað. Þá hafi úrskurðarnefndin lagt til grundvallar fullyrðingar Fjallabyggðar um landhalla og jarðvegsbleytu sem hafi ekki verið studdar neinar gögnum. Í bréfinu kemur jafnframt fram að ekki hafi verið tekin afstaða til ýmissa málsástæðna kæranda, s.s. að rökstuðning hafi skort fyrir ákvörðun Fjallabyggðar, rannsóknarskylda ekki virt og ekki farið fram lögbundið mat skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Loks er gerð krafa um að úrskurðarnefndin fari á vettvang ef fallist verði á beiðni um endurupptöku.

Ekki liggja fyrir neinar ástæður fyrir vanhæfi þeirra nefndarmanna sem kváðu upp hinn umþrætta úrskurð og í erindi um endurupptöku málsins eru ekki færð fram efnis- eða lagarök fyrir þeirri kröfu að nefndarmenn þeir sem kváðu upp úrskurðinn skuli víkja sæti við afgreiðslu beiðni um endurupptöku málsins. Verður krafa þess efnis því ekki tekin til greina.

Úrskurðarnefndin, svo sem hún var skipuð við uppkvaðningu úrskurðar í kærumálinu, fjallaði um endurupptökubeiðnina á fundi sínum 14. og 30. júní 2021 og fól undirrituðum að afgreiða endurupptökubeiðnina með eftirfarandi hætti:

Samkvæmt 1. og 2. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný hafi ákvörðun byggst á ófullnægjandi eða röngum

upplýsingum um málsatvik eða íþyngjandi ákvörðun hafi byggst á atvikum sem breyst hafi verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Samkvæmt 31. gr. stjórn-sýslulaga skal úrskurður vera skriflegur og skulu tiltekin atriði koma fram á stuttan og glöggan hátt. Um efni rökstuðnings segir svo í 1. og 2. mgr. 22. gr. stjórn-sýslulaga að þar skuli vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á og greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi hafi verið við mat að því marki sem ákvörðun byggist á því. Þar sem ástæða sé til skuli einnig rekja í stuttu máli upplýsingar um þau málsatvik sem haft hafi verulega þýðingu við úrlausn málsins. Ljóst er af tilvitnuðum lagaákvæðum að ekki er ætlast til þess að í úrskurði sé gerð tæmandi grein fyrir öllu því sem aðila máls og stjórnvaldi kann að hafa farið á milli heldur skal úrskurðurinn vera stuttur og glöggur.

Úrskurðarnefndin telur rétt að benda á að í samræmi við framangreint sé ekki tæmandi umfjöllun um allar málsástæður sem teflt er fram í málinu. Til að mynda er ekki fjallað um þá málsástæðu leyfishafa að kærundur hafi haft vitneskju um flutning byggingareits frá því áður en gröftur hófst. Hafði sú ástæða ekki þýðingu við úrlausn málsins og því ekki nauðsynlegt að rannsaka það atriði frekar eða fjalla um í niðurstöðu úrskurðarins.

Í niðurstöðu úrskurðarins er eftirfarandi tekið fram: „Í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að telji sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. skuli fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skuli taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víki frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis. Hin kærða deiliskipulagsbreyting felur það eitt í sér að byggingarreit Skógarstígs 2 er hliðrað til austurs um 10 m, en skilmálar eldra deiliskipulags um landnotkun, nýtingarhlutfall, útlit og form bygginga haldast óbreyttir.“ Þá segir enn fremur: „Af hálfu bæjaryfirvalda hefur verið bent á að færsla byggingarreits hafi verið gerð með tilliti til þess að á upphaflegum stað væri mikill landhalli og jarðvegsbleyta. Þá kemur fram í deiliskipulagsbreytingunni að hún sé gerð að beiðni lóðarhafa til að bæta byggingarskilyrði á lóðinni. Þrátt fyrir að umdeild hliðrun byggingarreits hafi vissulega áhrif á útsýni frá fasteign kæranda verður að telja að efnisrök hafi legið að baki hinni umdeildu skipulagsbreytingu. Með hliðsjón af framangreindu og því að ekki liggja fyrir neinir form- eða efnisannmarkar sem leitt geta til ógildingar hinnar kærðu ákvörðunar verður kröfu kæranda þar um því hafnað.“


Gögn málsins voru skoðuð ítarlega, þ. á m. ljósmyndir frá kærendum og skipulagsuppdrættir af svæðinu til þess að meta áhrif breyttrar legu fyrirhugaðs sumarhúss á útsýni frá sumarhúsi kæranda. Hins vegar var ekki talið að ætluð breyting á útsýni ætti að leiða til ógildingar hinnar kærðu skipulagsbreytingar. Þá er ekki í endurupptökubeiðni vísað til tiltekinna upplýsinga sem úrskurðurinn hafi byggst á sem séu rangar eða ófullnægjandi.

Samkvæmt framansögðu er það því niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að úrskurðurinn hafi hvorki byggst á ófullnægjandi né röngum upplýsingum um málsatvik sem gert er að skilyrði fyrir endurupptöku máls skv. 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórn-sýslulaga. Það að endurupptökubeiðandi sé ósammála mati nefndarinnar á grenndaráhrifum breytingarinnar gagnvart fasteign hans getur ekki verið tilefni endurupptöku málsins. Af framangreindum ástæðum og þar sem skilyrðum 2. tl. 1. mgr. 24. gr. laganna til

endurupptöku er ekki fullnægt er beiðni um endurupptöku ofangreinds kærumáls hafnað.

Uni kærundur ekki framangreindri niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar skal á það bent að þeir geta leitað atbeina dómstóla í því skyni að fá úrskurðinum hnekk og eftir atvikum leitað álits umboðsmanns Alþingis telji þeir sig rangindum beitta.

Virðingarfyllst,


Ómar Stefánsson
varaformaður

